

Bókun um breytingar á framkvæmd starfsmats hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Til samræmis við vinnulag Starfsmatsnefndar Reykjavíkurborgar, svokölluð Reykjavíkurléið samþykkir Framkvæmdanefnd starfsmats að taka upp eftirfarandi vinnulag varðandi framkvæmd mats á tveimur þáttum í starfsmatskerfinu SAMSTARF, þ.e. Ábyrgð á stjórnun (10 þáttur) og Ábyrgð á fjármunum (11. þáttur).

Ábyrgð á stjórnun

Störf sem fela í sér mannaforráð skal að lágmarki meta á fjórða þrepi í ábyrgð á stjórnun. Hér er átt við mannaforráð sem fela í sér ábyrgð á ráðningum, agamálum og öðru er tengist starfsmannamálum. Viðkomandi stjórnandi þarf að hafa ráðningarvald og umboð til að undirrita formleg skjöl s.s. áminningar í starfi.

Verkefnastjórn skal meta á þriðja þrepi í ábyrgð á stjórnun. Hér er átt við störf sem fela í sér ábyrgð á stórum / umfangsmiklum verkefnum sem ná yfir langt tímabil. Verkefnin eru fjölbreytt og flókin t.d. verkstjórn og framkvæmd ákvarðana í samráði og samstarfi við annað starfsfólk, yfirumsjón með málaflokki sem gengur þvert á svið sveitarfélags og alla verkstjórnun því tengdu.

Ábyrgð á fjármunum

Í störfum þar sem meginstarfið felur í sér að taka við greiðslum t.d. í afgreiðslu skal starf metið á öðru þrepi í ábyrgð á fjármunum þó svo að skv. skilgreiningum starfsmatskerfisins ætti að meta starfið á fyrsta þrepi.

Sama á við ef starfsmaður hefur þá ábyrgð í starfi að samþykkja úrræði sem fela í sér umtalsverð fjárútlát fyrir sveitarfélag s.s. fjárhagsstuðning, húsaleigubætur, greiðslur vegna barna tengt störfum barnaverndar o.fl.

Vinnulag við innleiðingu þessara bókkunnar verður með eftirfarandi hætti:

Verkefnastofa leggur fram til Framkvæmdanefndar starfsmats lista yfir öll útgefin og staðbundin störf. Merkir sérstaklega þau störf sem hún telur að eigi að taka breytingum vegna þessarar bókkunar.

Verkefnastofa sendir bæði lista yfir útgefin störf og staðbundin störf bæði til sveitar- og stéttarfélaga eftir því sem við á.

Fulltrúar sveitar- og stéttarfélaga hafa síðan tvær vikur til þessa að koma með athugasemdir.

Verkefnastofa starfsmats yfirfer öll þau störf sem stéttarfélög og/eða sveitarfélög telja að eigi taka breytingum vegna þessarar bókkunar með tilliti til fyrirliggjandi gagna s.s. starfslýsinga. Í framhaldi mun Verkefnastofa starfsmats leggja fram tillögur að breytingum til Framkvæmdanefndar starfsmats.

Þegar listi yfir breytingar á útgefnum störfum og staðbundnum störfum liggur fyrir samþykktur af Framkvæmdanefnd verður send tilkynning til sveitarfélaga um niðurstöðu nefndar.

Gildistaka er frá þeim tíma sem samþykkt Framkvæmdanefndar starfsmats liggur fyrir.

Ef fleiri störf bætast við síðar þá gilda reglur um endurmat starfa. Hækkun á mati gildir frá þeim tíma er sótt var um endurmat og viðeigandi gögnum skilað inn til Verkefnastofu starfsmats.

Samþykkt á fundi Framkvæmdanefndar starfsmats þann 4. maí 2020.